



## Kortavelta heimilanna færir út fyrir landsteinana

*Kortavelta innlendra greiðslukorta heimilanna jókst alls um 10,2% á milli ára í júní, að raunvirði. Kortavelta Íslendinga erlendis jókst um 113,6% milli ára miðað við fast gengi en um er að ræða enn einn metmánuðinn. Neysla Íslendinga innanlands í júnímánuði hefur aftur á móti ekki mælst minni síðan fyrir faraldurinn sem bendir til þess að áhrif faraldursins á neyslu, þar sem meiri neysla átti sér stað innanlands en erlendis, séu að fjara út.*


### Greiðslukortavelta heimilanna eykst milli ára

Seðlabanki Íslands birti nýverið gögn um veltu innlendra greiðslukorta í júní. Þar kom fram að heildarvelta innlendra greiðslukorta heimila nam 104,9 mö.kr. í júní 2022 og jókst um rúm 10% á milli ára að raunvirði. Velta innlendra greiðslukorta innanlands nam 82,2 mö.kr. sem er 2,4 ma.kr. lækkun milli ára, núvirt með vísitölu neysluerðs án húsnæðis. Það gerir um 2,8% raunlækkun á milli ára. Aftur á móti nam velta greiðslukorta erlendis um 22,7 mö.kr. og hækkaði veltan, núvirt með gengisvísitölu,<sup>1</sup> um 12,1 ma.kr. eða nærri 114% frá júní í fyrra. Um er að ræða enn einn metmánuðinn í neyslu Íslendinga erlendis en Íslendingar settu kortaveltumet erlendis bæði í apríl og maí.

### Áhrif faraldursins á neysluvenjur að fjara út


Kortavelta Íslendinga innanlands dregst saman um 2,8% miðað við júnímánuð 2021 og um 7,5% miðað við sama mánuð árið 2020, á föstu verðlagi. Þegar faraldurinn stóð sem hæst varð mikil aukning á neyslu Íslendinga innanlands þar sem lítið var um ferðalög af landi brott. Þau áhrif virðast nú vera að fjara út. Neysla Íslendinga innanlands í júnímánuði hefur ekki mælst minni síðan 2019, á föstu verðlagi. Aftur á móti eru Íslendingar farnir að ferðast álíka mikið nú og fyrir faraldurinn. Brottfarir Íslendinga voru tæplega 66 þúsund talsins í júní og hafa aðeins tvisvar áður mælst fleiri í júnímánuði, þ.e. árin 2016 og 2018, en neyslan mælist talsvert meiri nú. Sú þróun á ekki bara við um Íslendinga - hver

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta innanlands núvirt með VNV án húsnæðis og velta erlendis núvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.

Kortavelta heimilanna í júnímánuði



Greiðslukortavelta innanlands núvirt með VNV án húsnæðis og velta erlendis núvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og Hagfræðideild Landsbankans.


<sup>1</sup> Gengisvísitala er vegið faldmeðaltal af gengi helstu gjaldmiðla gagnvart krónu, þ.e.a.s. gengi erlendu gjaldmiðlanna er vegið saman eftir samsetningu utanríkisviðskipta þjóðarinnar.



ferðamaður á Íslandi [eyddi metfjárhæðum](#) nú í júní. Það er greinilegt að ferðaþorstinn er nokkuð alþjóðlegur og fólk gerir ef til vill betur við sig nú en áður í utanlandsferðum.

### ***Yfirdráttarlán aukast en hægist á innlánum***

Kortavelta íslenskra heimila tók rækilega við sér á öðrum ársfjórðungi og jókst um tæp 17% en til samanburðar var vöxturinn 10% á fyrsta ársfjórðungi. Þetta gefur til kynna að vænta má þess að vöxtur einkaneyslu verði þó nokkur á fjórðungnum en sá vöxtur verður þó að miklu leyti tilkominn vegna neyslu erlendis. Vöxtur kaupmáttar launa er þó orðinn afar lítill og heimilin því mögulega farin að ganga á uppsafnaðan sparnað sem myndaðist þegar faraldurinn stóð sem hæst, til þess að fjármagna þessa kortaveltu. Þetta sést á því að yfirdráttarlán hafa aukist lítillega og innlán eru hætt að aukast, líkt og þau gerðu í faraldrinum.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.